



Forsætisnefnd

Tillaga áheyrnarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Sózialistaflokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins um boðun aukafunda.

Á fundi forsætisnefndar 20. júlí sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga:

Fulltrúar stjórnarandstöðunnar fara fram á að hægt verði að boða til aukafunda í nefndum og ráðum Reykjavíkur með tveggja daga fyrirvara eftir að ósk um slíkt berst frá borgarfulltrúa.

Í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar kemur fram að aukafundi borgarstjórnar skal halda þegar forseti borgarstjórnar eða borgarstjóri telur það nauðsynlegt eða ef þriðjungur borgarfulltrúa óskar þess. Aukafund skal boða eigi síðar en sólarhring eftir að ósk þar um berst forseta borgarstjórnar. Fundarboð vegna aukafundar ásamt dagskrá og fylgigögnum skal berast borgarfulltrúum og varaborgarfulltrúum svo fljótt sem auðið er og ekki síðar en sólarhring áður en fundur hefst.

Í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar kemur einnig fram að borgarráð skal að jafnaði halda fund vikulega á fimmtudögum. Aukafundi skal halda ef borgarstjóri, formaður borgarráðs eða a.m.k. tveir borgarráðsmenn óska þess. Borgarráð skal boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá og fundargögnum a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Heimilt er að senda rafrænt fundarboð ásamt dagskrá og fundargögnum.

Í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar kemur einnig fram að forsætisnefnd heldur að jafnaði fundi tvisvar í mánuði. Boða skal til aukafunda eftir þörfum. Forseti borgarstjórnar boðar til funda forsætisnefndar og ákveður dagskrá í samráði við framkvæmdastjóra nefndarinnar.

Í samþykktum fagráða Reykjavíkurborgar kemur fram að formaður viðkomandi ráðs getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Komi fram ósk þriggja ráðsmanna um fund í ráðinu ber að verða við því. Fella má niður fundi í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Talið er að ofangreind ákvæði samþykktu Reykjavíkurborgar varðandi aukafundi í nefndum

Talið er að ofangreind ákvæði samþykkt Reykjavíkurborgar varðandi aukafundi í nefndum og ráðum séu bæði skýr og fullnægi þeim kröfum sem gerð eru til þeirra enda í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Fjallað er á mjög skýran hátt um það hver það er ber ábyrgð á því að boða til funda, hversu margir þurfa að óska eftir aukafundi til að beiðnin sé tæk auk þess sem heimildir eru til þess að fella niður fundi að sumarlagi. Ekki er því mælt með að þeim verði breytt á þann hátt sem lagt er til.

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar